

## LÖG

### um breytingu á samkeppnislögum, nr. 44/2005, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Við 9. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Með kæru skal fylgja málskotsgjald, að upphæð 200.000 kr., sem endurgreiðist ef málið vinnst fyrir nefndinni, og rennur gjaldið í ríkissjóð. Áfrýjunarnefnd samkeppnismála tekur kæru ekki til meðferðar nema málskotsgjald fylgi.

#### 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „10., 11. og 12. gr.“ í a-lið 1. mgr. kemur: bannákvæði laga þessara, sáttir eða ákvarðanir sem teknar hafa verið samkvæmt þessum lögum.
- b. Við 1. mgr. bætist nýr stafliður, svohljóðandi: aðstæðum eða háttsemi sem kemur í veg fyrir, takmarkar eða hefur skaðleg áhrif á samkeppni almenningi til tjóns. Með aðstæðum er m.a. átt við atriði sem tengjast eiginleikum viðkomandi markaðar, þ.m.t. skipulag eða uppbyggingu fyrirtækja sem á honum starfa. Með háttsemi er átt við hvers konar atferli, þ.m.t. athafnaleysi, sem á einhvern hátt hefur skaðleg áhrif á samkeppni á markaði þrátt fyrir að ekki sé brotið gegn bannákvæðum laganna.
- c. 1. og 2. másl. 2. mgr. orðast svo: Aðgerðir Samkeppniseftirlitsins geta falið í sér hverjar þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að efla samkeppni, stöðva brot eða bregðast við athöfnum opinberra aðila sem kunna að hafa skaðleg áhrif á samkeppni. Samkeppniseftirlitið getur beitt nauðsynlegum úrræðum bæði til breytingar á atferli og skipulagi vegna þeirra atriða sem tilgreind eru í 1. mgr. í réttu hlutfalli við það brot sem framið hefur verið eða þær aðstæður eða háttsemi sem um ræðir.

#### 3. gr.

Á eftir 17. gr. f laganna kemur ný grein, 17. gr. g, svohljóðandi:

Fyrirtæki sem tilkynnir samruna skv. 17. gr. a skal greiða samrunagjald og nemur gjaldið 250.000 kr. fyrir hverja samrunatilkynningu. Gjaldið er greitt við afhendingu samrunatilkynningar og rennur það í ríkissjóð.

4. gr.

Á eftir orðinu „aðili“ í 1. málsl. 41. gr. laganna kemur: þ.m.t. Samkeppniseftirlitið.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 25. febrúar 2011.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Árni Páll Árnason.*

\_\_\_\_\_  
A-deild – Útgáfud.: 2. mars 2011